



Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is

Kópavogi, 8. maí 2023.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012 (hámarksaldur heilbrigðisstarfsmanna ríkisins), 987. mál á 153. löggjafarþingi, stjórnarfrumvarp.

Vísað er til tölvubréfs nefndasviðs Alþingis frá 26. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Læknafélags Íslands (LÍ) á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, 987. mál, þskj. 1535.

LÍ hefur áður í samráðsgátt stjórnvalda gefið umsögn um þetta mál, sjá bréf félagsins dags. 6. janúar 2023. Áform um þessa fyrirhuguðu lagasetningu höfðu áður verið kynnt í samráðsgáttinni. LÍ sendi vegna þess samráðs umsögn dags. 17. ágúst 2022.

Ein helsta athugasemd LÍ við þetta frumvarp, meðan það var á vinnslustigi, var að ekki er gert ráð fyrir að heilbrigðisstarfsmenn eldri en 70 ára, sem munu kjósa að starfa áfram, fái lögboðið 11,5% lífeyrissjóðsframlag vegna starfa sinna frá launagreiðanda. Einungis er gert ráð fyrir að þessi hópur geti haldið áfram að greiða í séreignalífeyrissjóð.

LÍ áréttar mótmæli sín við þessu og bendir á að þar með verður launakostnaður vegna heilbrigðisstarfsmanna eldri en 70 ára minni sem þessu nemur. LÍ lagði til í umsögn sinni 6. janúar 2023 að gildandi hlutfall sem greiða ber í lífeyrissjóð, samtals 15,5% eigi eftir sjötugt að renna í séreignalífeyrissjóð. Sú ábending er ítrekuð.

LÍ bendir einnig á að það jákvæðasta við þessa breytingu er að verði hún að lögum munum heilbrigðisstarfsmenn eldri en 70 ára verða ráðnir á ráðningarsamningum og munu ekki þurfa áfram að þola það misrétti í launum sem þeir hafa hingað til þurft að þola. Þetta er skýrt staðfest á bls. 3 í greinargerð frumvarpsins.

Að öðru leyti vísar LÍ til fyrri umsagna, sem hér að framan er bent á um leið og félagið lýsir sig tilbúið til að funda með Velferðarnefnd Alþingis um málið, verði þess óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands.

Steinunn Þórðardóttir, formaður.

Hjálagt:
Tilvitnaðar umsagnir LÍ.



Heilbrigðisráðherra
Willum Þór Þórsson
www.samradsgatt.is

Kópavogi, 6. janúar 2023.

Efni: Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012 (hámarksaldur heilbrigðisstarfsmanna ríkisins).

Hinn 6. desember 2022 birtust í *Samráðsgátt stjórnvalda* (www.samradsgatt.is) drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 23/2012 (hámarksaldur heilbrigðisstarfsmanna ríkisins). Drögin koma í framhaldi af samráði sem viðhaft var sumarið 2022 um þau áform heilbrigðisráðherra að breyta lögum nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn á þann veg að opnað verði fyrir heimild heilbrigðisstofnana á vegum ríkisins til að ráða til starfa heilbrigðisstarfsfólk á aldrinum 70-75 ára.

Læknafélag Íslands (LÍ) sendi umsögn í *Samráðsgátt* þegar málið var til umsagnar sl. sumar. Vísað er til þeirrar umsagnar LÍ frá 17. ágúst 2022.¹

Nú eru, eins og áður segir, til umsagnar í *Samráðsgátt* drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, sem gera ráð fyrir að á eftir 26. gr. laganna komi ný grein, 26. gr. a sem heimili heilbrigðisstofnunum ráðningu heilbrigðisstarfsmanns sem náð hefur 70 ára aldri.

Af drögunum má ráða að gert er ráð fyrir að:

1. mgr. nýrrar 26. gr. a: *Heimilt er að ráða heilbrigðisstarfsmann sem náð hefur 70 ára aldri til starfa við veitingu heilbrigðisþjónustu sem ríkið veitir ... enda felist starfið í beinum samskiptum við sjúklinga eða handleiðslu yngra heilbrigðisstarfsfólks eða nema. LÍ telur að of mikil takmörkun sé í því fölginn að útiloka að ekki sé hægt sé að ráða a.m.k. lækna til annarra starfa en þeirra sem felast í beinum samskiptum við sjúklinga. LÍ bendir á að sérfræðilæknar í t.d. veirufræði, meinafræði, erfðafræði og öðrum sambærilegum sérgreinum eru ekki endilega í beinum samskiptum við sjúklinga en þörf gæti verið á að lækna í þessum sérgreinum starfi eftir að 70 ára aldri er náð. Það er a.m.k. staðan núna að margar þessara sérgreina eru fámennar, hóparnir eru að eldast og nýliðun takmörkuð. Þá telur LÍ að mögulega muni þurfa að ráða áfram til stjórnunarstarfa lækna eftir 70 ára aldur, þar sem enginn fáist í stjórnunarstarfið ella. LÍ telur því að opna þurfi orðalag 1. mgr. nýrrar 26. gr. a og binda störfín ekki við bein samskipti við sjúklinga og útiloka ekki stjórnunarstörf. Ef það verður ekki gert er hætt við, a.m.k. hvað lækna varðar, að lagabreytingin nái ekki öllum markmiðum sínum.*
2. mgr. nýrrar 26. gr. a: *Ráðningin ... skal vera tímabundin og að jafnaði vara í eitt ár í senn og aldrei lengur en í tvö ár í senn. Endurnýja má tímabundna ráðningu skv. 1. mgr. þar til*

¹ Sjá umsögn LÍ sem finna má hér: [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3219](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3219)

starfsmaður hefur náð 75 ára aldri ... Ráðning skv. 1. mgr. skal aldrei vara lengur en til loka þess mánaðar er starfsmaður verður 75 ára. Lí fagnar þessari breytingu og telur að með því að ráðningin verði með tímabundnum ráðningarsamningi megi treysta því að ráðningarkjör heilbrigðisstarfsmannsins verði í öllum atriðum sambærileg við þau ráðningarkjör sem hann naut áður en 70 ára aldri var náð. Vísast í því sambandi hvað lækna varðar til réttinda s.s. námsleyfisréttar, veikindaréttar, ýmissa kjarasamningsbundinna réttinda lækna sem tengjast t.d. staðarvöktum. Lí minnir á að ein megin athugasemd félagsins við ráðningu lækna eftir 70 ára aldur, eins og hún hefur verið framkvæmd hingað til, er sú staðreynd að lækarnir eru ráðnir á tímavinnusamningi sem rýrir starfskjörin umtalsvert. Læknar á tímavinnusamningi njóta mjög óverulegs veikindaréttar, þeir njóta ekki námsleyfisréttar og ekki heldur neinna þeirra kjarasamningsbundnu réttinda sem tengjast t.d. staðarvöktum. Lí hefur talið þetta ráðningarfyrirkomulag, þ.e að ráða lækna eldri en 70 ára á tímavinnusamninga, vera brot á lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018. Þessi afstaða Lí er ítarlega rakin í umsögn Lí frá 17. ágúst 2022. Auk þess hefur Lí beitt sér fyrir málarekstri fyrir dómstólum hvað þetta atriði varðar. Lí treystir því að með þessari framsetningu frumvarpsins sé það tryggt að launakjör þeirra heilbrigðisstarfsmanna sem kjósa að ráða sig áfram í starf eftir 70 ára verði sambærileg við fyrri launakjör, þó að teknu tilliti til þess ef heilbrigðisstarfsmaður fer úr stjórnunarstarfi, sbr. þó athugasemd í 1. tölul. Lí óskar eftir því að þessi skilningur á framsetningu 2. mgr. nýrrar 26. gr. a verði staðfestur.


3. 3. mgr. nýrrar 26. gr. a: *Við ráðningu skv. 1. mgr. er heimilt að vikja frá skilyrðum ... laga nr. 70/1996 um auglýsingaskyldu opinberra starfa, enda hafi heilbrigðisstarfsmanni sem ráða skal áður verið sagt upp starfi á sömu heilbrigðisstofnun* Lí gerir ekki athugasemd við þessa undanþágu en bendir þó á mikilvægi þess að fyrir liggja örugg staðfesting þess að ekki sé unnt að ráða yngri heilbrigðisstarfsmann til þess starfs sem fyrirhugað er að bjóða þeim heilbrigðisstarfsmanni sem er að verða 70 ára. Með einhverjum hætti þarf að liggja fyrir að enginn yngri en 70 ára sé fánlegur til starfsins. Nýliðun er mjög nauðsynleg í starfi á heilbrigðisstofnunum. Þessi heimild sem felst í nýrri 26. gr. a í lögum um heilbrigðisstarfsmenn má ekki verða til þess að heilbrigðisstofnun geri ekki allt sem henni er mögulegt til að ráða yngri heilbrigðisstarfsmenn í störf sem losna þegar heilbrigðisstarfsmaður verður 70 ára. Hér þarf einnig að huga að því hvort verið sé að takmarka ráðningu heilbrigðisstarfsmanna við sömu stofnun og þeir starfa við þegar þeir ná 70 ára aldri. Lí telur að það sé of mikil takmörkun, ef það er það sem orðalagið felur í sér. Læknir sem var í stjórnunarstöðu á einni stofnun gæti mögulega viljað ráða sig til læknisstarfa á annarri heilbrigðisstofnun, sem þarf á starfskrafti hans að halda. Mögulega er þá hér verið að vísa til þess að í því tilviki verði þó að auglýsa starfið en að þessu atriði þarf þó að huga. Aftur þarf að tryggja að orðalag lagabreytingarinnar verði ekki svo þröngt að það endi með að tryggja ekki að markmiðin náist, sem að baki henni búa.
4. 4. mgr. nýrrar 26. gr. a: *Heilbrigðisstarfsmaður sem ráðinn er á grundvelli þessa ákvæðis á rétt á mótframlagi frá vinnuveitanda við eigið framlag í séreignasjóð lífeyrisréttinda. Af greinargerð með drögum að þessu frumvarpi má ráða að heilbrigðisstarfsmenn sem kjósa að ráða sig eftir 70 ára aldur og sem stendur slík ráðning til boða eigi ekki að njóta þeirra launakjara sem felast í að launagreiðandi greiðir 11,5% af heildarlaunum starfsmannsins í lífeyrissjóð viðkomandi. Af skýringunum má ráða að ástæða þess sé fyrst og fremst sú að flestir heilbrigðisstarfsmenn séu í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR). Hvað lækna varðar á þetta ekki við því langflestir læknar eru í Almenna lífeyrissjóðnum, ekki LSR þó*

nokkur hópur heilsugæslulækna eigi sín lífeyrisréttindi í þeim sjóði. Lí gerir því mjög alvarlega athugasemd við þetta ákvæði því Lí telur að í þessu ákvæði felist að heilbrigðisstarfsmaðurinn er í raun að missa þetta hlutfall launagreiðslu. Lí telur eðlilegt að þau 11,5% af heildarlaunum, sem launagreiðandi greiðir fram að 70 ára aldri í sameignarsjóð renni eftir 70 ára aldur í séreignasjóð viðkomandi heilbrigðisstarfsmanns, a.m.k. í þeim tilvikum að heilbrigðisstarfsmaðurinn á ekki lífeyrisréttindi sín í LSR. Starfsmaðurinn greiði síðan 4% mótframlag eins og er hjá þeim sem eru undir 70 ára. Til viðbótar komi svo greiðslurnar í séreignasjóð sem 4. mgr. nýrrar 26. gr. a gerir ráð fyrir að haldi sér. Þetta skiptir einnig máli gagnvart því að það má aldrei verða ódýrara fyrir heilbrigðisstofnun að ráða heilbrigðisstarfsmann yfir 70 ára aldri. Lí veit að tilhneiging heilbrigðisstofnana, ekki sist úti á landi, til að ráða lækna frekar sem verktaka en launamenn er útaf því að stofnanirnar telja það vera kostnaðarminna fyrir stofnunina að ráða lækna sem verktaka hjá stofnuninni en sem launamenn.²

Lí áréttar þær áhyggjur sem raktar voru í bréfinu frá 17. ágúst 2022 af stöðu mönnunar lækna hér á landi, bæði í heilsugæslu og á sjúkrahúsum. Sá mönnunarvandi verður ekki leystur með þessari fyrirhuguðu lagabreytingu. Lí sér þessa lagabreytingu fyrst og fremst sem réttlætismál til að tryggja að heilbrigðisstarfsmenn sem kjósa að vinna eftir 70 ára aldur og sem stendur það til boða af hálfu heilbrigðisstofnunar, njóti sambærilegra launakjara eftir 70 ára og þeir nutu áður en því aldursmarki var náð. Eins og rakið er hér að framan búa heilbrigðisstarfsmenn sem nú vinna eftir 70 ára aldur við þá staðreynd að fá umtalsvert skert laun fyrir þá vinnu, þó hún sé í öllu nákvæmlega hin sama og þeir inntu af hendi áður en 70 ára aldursmarkinu var náð þar sem þeim er greitt samkvæmt tímavinnusamningi en ekki ráðningarsamningi.

Þann mönnunarvanda sem við blasir a.m.k. hvað lækna varðar þarf að leysa með samstilltu átaki og úttekt á því hversu marga lækna þurfi næstu árin að mennta til að mæta þörf. Lí bindur vonir við störf Landsráðs um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu í því sambandi og ítrekar enn einu sinni vilja sinn til að koma að þeirri vinnu sem í gangi er varðandi úrræði, sem grípa þarf til til að fjölga læknum.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands.



Steinunn Þórðardóttir, formaður.

² Sjá: <https://www.ruv.is/frett/ekki-meiri-kostnadir-vegna-verktakalackna>



Heilbrigðisráðherra
Willum Þór Þórsson
www.samradsfatt.is

Kópavogi, 17. ágúst 2022.

Efni: Hækkun hámarksaldurs heilbrigðisstarfsmanna í starfi hjá ríkinu.

Hinn 12. júlí sl. birtust í www.samradsfatt.is gögn um þau áform heilbrigðisráðherra að breyta lögum nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn á þann veg að opnað verði fyrir heimild heilbrigðisstofnana á vegum ríkisins til að ráða til starfa heilbrigðisstarfsfólk á aldrinum 70-75 ára. „Með því yrði aldurshámark heilbrigðisstarfsmanna ríkisins fært til samræmis við gildandi aldurshámark heilbrigðisstarfsmanna á eigin starfsstofu“ eins og segir í skjalinu *Áform um lagasetningu*, sem fylgdi málinu í samráðsgáttinni. Þar kemur einnig fram að engin áform eru uppi um það að breyta meginreglu laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 um 70 ára hámarksaldur starfsmanna ríkisins. „Mögulegt væri að breyta lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en sú leið er flóknari“ segir í fyrrgreindu skjali.

Hér á eftir fara athugasemdir og ábendingar Læknafélags Íslands (LÍ) vegna þessara áforma um að hækka hámarksaldur heilbrigðisstarfsmanna í starfi hjá ríkinu:

Vegna skjalsins *Áform um lagasetningu*.

1. Almennt séð fagnar LÍ því að verið sé að skoða hækkun hámarksaldurs heilbrigðisstarfsmanna í starfi hjá ríkinu. Slík breyting skiptir lækna máli því líklega eru lækna fjölmennastir í þeim hópi heilbrigðisstarfsmanna hjá ríkinu sem starfað hafa áfram eftir sjötugt.
2. Æskilegast hefði þó verið að mati LÍ að gera þessa breytingu almennt, þ.e. með því að setja undanþágu í lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 enda telur LÍ að heppilegast sé að opna almennt fyrir meiri sveigjanleika á opinberum vinnumarkaði varðandi starfslok. Tillögurnar horfa einungis til heilbrigðiskerfisins. Sú staðreynd er að mati LÍ líkleg til að valda mikilli gagnrýni hjá öðrum stéttum opinberra starfsmanna, sem mögulega vilja eiga kost á því að geta unnið eftir 70 ára aldur. LÍ telur það ekki haldbær rök að segja það flóknari leið að breyta lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
3. LÍ þykir miður að undirbúningur þessa máls skuli ekki vera vandaðri af hálfu heilbrigðisráðuneytisins, en raun ber vitni.
 - a. Það vantar greiningu á því hversu margir heilbrigðisstarfsmenn eru nú þegar í starfi hjá hinu opinbera eftir sjötugt. Slíkar upplýsingar hefðu verið gagnlegar á þessu stigi málsins, m.a. til að meta hvaða árangurs er að vænta af fyrirhugaðri lagabreytingu. Er almennur áhugi meðal heilbrigðisstarfsmanna á því að geta unnið eftir 70 ára? Ekkert liggur almennt fyrir um það þó LÍ geti fullyrt að meðal lækna er áhugi á slíku, fyrst og fremst af því að LÍ veit að allmargir lækna hafa ráðið sig áfram til starfa eftir að því aldursmarki er náð.
 - b. Í skjalinu segir: „Af brýnni nauðsyn hafa heilbrigðisstofnanir gripið til þess ráðs að gera verktakasamninga við heilbrigðisstarfsfólk sem náð hefur 70 ára aldri, en það er

bæði óhagstætt fyrir ríkið og starfsmanninn“. Lí telur þessa staðhæfingu beinlínis ranga, a.m.k. hvað lækna varðar. Eftir því sem Lí veit best gerir Landspítalinn sjaldan ef nokkurn tímann verktakasamninga við lækna yfir sjötugu. Bæði Landspítalinn og heilsugæslustöðvar hafa hins vegar boðið læknum sem stofnanirnar vilja að vinni áfram eftir sjötugt svokallaða tímavinnusamninga. Þeir samningar eru a.m.k. læknum mjög óhagstæðir enda fjölmörg mikilvæg réttindi sem tryggð eru í kjarasamningum aftengd í tímavinnusamningum. Má þar nefna veikindarétt, rétt til námsleyfis og rétt til staðarvaktafríá svo eitthvað sé nefnt. Í gangi er dómsmál milli lækis og ríkisins sem hélt áfram fullu starfi hjá Landspítala eftir sjötugt. Ekkert breyttist annað en það að lækurinn varð 70 ára. Vinnan sem hann sinnir eftir sjötugt er nákvæmlega sú sama og vinnan sem hann sinnti fyrir sjötugt. Lækurinn lækkaði um umtalsverðar fjárhæðir í launum við það eitt að fara úr fastráðningu yfir í tímavinnusamning. Lí telur að tímavinnusamningar við starfsmenn eldri en 70 ára séu brot á lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018. Verði þessi breyting gerð, sem boðuð áform snúa að, telur Lí nauðsynlegt að tryggja að kjör heilbrigðisstarfsmanna sem samþykkja að halda áfram að vinna eftir sjötugt verði hin sömu og áður en því aldursmarki var náð. Það má ekki verða niðurstaða breytinga af þessu tagi að það verði hagstæðara gagnvart launakostnaði stofnana að ráða starfsmenn eldri en sjötuga en starfsmenn yngri en sjötuga.

- c. Í margnefndu skjali segir: „*Enn þá yrði skylt að segja heilbrigðisstarfsmönnum ríkisins upp við 70 ára aldur en heimilt yrði að ráða þá aftur með nýjum ráðningarsamningi, allt til 75 ára aldurs, en þá yrði skylt að segja þeim upp endanlega.*“ Hér vantar alla umfjöllun um launafyrirkomulag, sbr. fyrri umfjöllun um mun á launum samkvæmt ráðningarsamningi og tímavinnusamningi. Það er annmarki á þessari kynningu að hvergi skuli útskýrt hver eiga að vera ráðningarkjör þeirra sem náð hafa 70 ára aldri. Ef tímavinnusamningsfyrirkomulagið á að vera áfram það sem þessum hópi verður boðið upp á þá getur Lí aldrei stutt þessar tillögur. Varðandi aldursmörkin og bindingu þeirra við 75 ár þá vísast til umfjöllunar í 4. tölul.
4. Ónákvæmni gætir í fyrrgreindu skjali þegar sagt er að „*Aldurshámark fært til samræmis gildandi aldurshámarki heilbrigðisstarfsmanna á eigin starfsstofu*“. Í 1. mgr. 26. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn segir: „*Heilbrigðisstarfsmanni samkvæmt lögum þessum er óheimilt að veita heilbrigðisþjónustu á eigin starfsstofu eftir að hann nær 75 ára aldri. Landlækni er þó heimilt, að fenginni umsókn viðkomandi, að veita undanþágu frá þessu ákvæði, enda séu skilyrði reglugerðar skv. 2. mgr. uppfyllt. Í fyrsta sinn er heimilt að veita undanþágu til allt að þriggja ára, en eftir það til eins árs í senn.*“ Í raun er þannig ekkert aldurshámark í lögum um heilbrigðisstarfsmenn gagnvart því að vinna á eigin starfsstofu því heimilt er að veita undanþágu fyrst í allt að þrjú ár og síðan til eins árs í senn. Nokkur dæmi eru um lækna sem fengið hafa áfram leyfi til að reka eigin starfsstofu eftir að þeir hafa náð 78 ára aldri.
5. Í áðurnefndu skjali segir: „*Vandinn í sérhæfðri sjúkráhusþjónustu tengist mest mönnun hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða ...*“ Lí er ekki sammála þessari fullyrðingu og telur að mönnunarvandi í heilbrigðisþjónustu sé ekki síður tengdur læknum eins og mönnunarstaða

lækna í heilsugæslu og á sjúkrahúsum innan og utan höfuðborgarsvæðisins sýnir best. Með því er ekki verið að gera lítið úr mönnunarvanda annarra heilbrigðisstarfsmanna en án lækna er engin lækning stunduð. Flestir sem leita til heilbrigðiskerfisins gera það til að leita sér lækninga.


Vegna skjalsins *Mat á áhrifum lagasetningar*.

Ýmsa þætti í þessu skjali mætti fjalla ítarlega um, eins og fullyrðingar um að þar sem þetta nái fyrst og fremst til kvennastétta þá fái þær tækifæri til að auka lífeyrisrétt sinn með lengri starfsævi. Í því hlýtur að felast fullyrðing um að lífeyristöku verður frestað. Samt er fullyrt í báðum skjölunum að lagabreytingin muni hvorki valda tekju- né útgjaldabreytingum fyrir ríkissjóð. Framsett gögn skýra ekki hver áhrif þess að vinna áfram eftir 70 ára aldur verða á ávinnslu lífeyrisréttinda þeirra sem það velja. Minnt er á að skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er eingöngu gert ráð fyrir að iðgjöld séu greidd til lífeyrissjóða frá 16 – 70 ára aldurs. Þetta þarf að liggja fyrir í því frumvarpi sem fyrirhugað er að leggja fram.

Lí sér í sínum gögnum að tæplega 100 félagsmenn yfir 70 ára eru enn í starfi. Af þeim virðast kringum 25 vera í launavinnu hjá heilbrigðisstofnunum. Þeir sem eftir eru eru líklega þá að vinna á eigin starfsstofu. Aftur er gerð athugasemd við að ekki hafi verið aflað tölulegra upplýsinga um fjölda heilbrigðisstarfsmanna yfir sjöttu ára sem eru í vinnu hjá ríkinu, starfshlutfalls þeirra og launafyrirkomulag. Það ætti að vera auðvelt að kalla eftir þessum upplýsingum hjá Fjársýslu ríkisins og óskað er eftir því að það verði gert í tengslum við framlagningu hins boðaða frumvarps.

Lí telur nauðsynlegt í þessari umræðu að lýsa enn einu sinni yfir áhyggjum sínum af stöðu mönnunar lækna hér á landi, bæði í heilsugæslu og á sjúkrahúsum. Sá mönnunarvandi verður ekki leystur með því að leyfa heilbrigðisstarfsmönnum, þ.á m. læknum að vinna eftir sjötugt. Þann vanda þarf að leysa með samstilltu átaki og úttekt á því hversu marga lækna þurfi næstu árin að mennta til að mæta þörf. Lí bindur vonir við störf Landsráðs um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu í því sambandi.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands.



Steinunn Þórðardóttir, formaður.